

11 apríl 2016.

Fundur nr. 7 í aðalstjórnar Vestra, kl 18.00 í Háskólastrinu.

Mættir eru; Hjalti Karlsson, Guðfinna Hreiðarsdóttir, Sólrún Geirsdóttir, Sigurður Jón Hreinsson, Jón Páll Hreinsson, Gísli Jón Hjaltason og Guðni Guðnason.

1. Búningamál, litir og útlit.

Búið var að ákveða hvaða búningar fara í kosningu á BB.IS.

A – Röndótt, blátt og hvítt

B – Röndótt, svart og blátt

C – Tvílitt, dökk blátt og rautt

Kosningaformið er nánast fullklárað og nú stendur bara á Advania um að hrinda kosningunni í gang.

Reiknað hafði verið með að kosning hæfist síðasta föstudag.



2. Samkeppni um merki.

Formaður kynnti 14 tillögur að merki félagsins. Fimm grafískir hönnuðir voru beðnir um að skila inn tveimur til þremur tillögum hver. Að auki komu 10 tillögur frá aðila utan þess hóp og var tveimur þeirra hleypt inn á fundinn.

Stjórnarmenn veltu tillögunum fyrir sér og fækkuðu möguleikum niður í 6. Ákveðið að birta þær tillögur á FB-síðu stjórnar og greiða atkvæði um þau þar.

3. Vallarhús.

Hjalti og Pétur Markan fóru á fund með Margréti Halldórs um Vallarhúsið og um sumarnotkun á íþróttahúsinu á Torfnesi.

Fyrir liggur samkomulag um að fótboltinn fái húsið til notkunar í sumar, á leikjum meistaraflokks. Samkomulagið verður skriflegt en nær eingöngu yfir notkun á húsinu þetta sumar.

Varðandi Vallarhúsið, var einnig rætt við Brynjar á Tæknideild bæjarins. Fram kom þar að ekki væri áhugi hjá stjórn Vestra um að taka ákvörðun í hraði um skipulag innanhúss.

Jafnframt er fyrirbyggjandi að húsið liggur undir skemmdum utanhúss og reiknað er með að fara frekar í viðhaldsframkvæmdir utanhúss núna í vor og geyma innanhússframkvæmdir einhvað og láta þróast hugmyndir um nýtingu þess á meðan.

Fundi slitið kl 19:30

Fundargerð ritaði Siggi Hreins